

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Urriðaholtsstræti 22-26, breyting á deiliskipulagi, norðurhluti Urriðaholts, 3. áfangi.

Breytingin gerir ráð fyrir eftirfarandi: Breyttri aðkomu að lóðum nr. 22 og 24. Minni háttar breytingu byggingarreita allra lóða. Nýjum byggingarreitum fyrir opin bílskýli á lóðum nr. 22 og 24. Auknu byggingarmagni bílskýla um 500 m². Fjölgun íbúða um 6 (úr 45 í 51 íbúð), um tvær á hverri lóð. Innbyrðis breytingu á fjölda heimilaðra minni og stærri íbúða milli lóða.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 25. janúar 2018.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2018